

*Ungmennasamb. Kjalarnestings.*

# PINGGERÐ

45. PINGS U.M.S.K.

# **PINGGERÐ**

**45. PINGS U.M.S.K.**

ÞINGGERÐ 45. ÞINGS U.M.S.K.

I. Ársþing Ungmennasambands Kjalarnesþings það 45. í röðinni var haldið í Félagsheimili Kópavogs, sunnudaginn 10. desember 1967.

Sambandsformaður Gestur Guðmundsson setti þingið með stuttu ávarpi. Gat hann þess, að stjórnin hefði látið fjölríta ársskýrslu sína. Lá skýrsla þessi fyrir þingfulltrúum.

II. Var síðan kosin kjörbréfanefnd og hlutu kosningu þeir Pálmi Gíslason, Birgir Guðmundsson og Sigurður Skarphéðinsson.

III. Pálmi Gíslason skýrði frá álitum kjörbréfanefndar. Nefndin hafði ekkert við bréfin að athuga. Las Pálmi Gíslason upp nöfn þingfulltrúa og kynnti þá.

Frá U.M.F. Dreng:

- ✓ Guðmundur Gíslason, formaður
- ✓ Haraldur Jónsson
- ✓ Haraldur Hjartarson
- ✓ Hreiðar Grímsson
- ✓ Ólafur Þ. Ólafsson

Frá Íþróttafélaginu Gróttu:

- ✓ Garðar Ólafsson, formaður
- ✓ Garðar Guðmundsson

Frá U.M.F. Breiðablik:

- Gestur Guðmundsson, formaður
- ✓ Guðmundur Þórðarson
- ✓ Björgvin Guðmundsson
- ✓ Magnús Jakobsson
- ✓ Sigurður Geirdal
- ✓ Pálmi Gíslason

Frá U.M.F. Aftureldingu:

- ✓ Birgir Sigurðsson, formaður
- ✓ Jón M. Guðmundsson
- ✓ Flemming Jessen
- ✓ Gunnar Magnússon

Frá U.M.F. Kjalarnesinga:

- ✓ Páll Ólafsson
- ✓ Jón L. Tryggvason

Frá U.M.F. Stjörnunni:

- ✓ Ingvi Guðmundsson, formaður
- ✓ Birgir Guðmundsson
- ✓ Evar Hjaltason
- ✓ Alda Helgadóttir
- ✓ Inga Hafsteinsdóttir

IV. Er kjörbréfin höfðu verið samþykkt voru kosnir starfsmenn þingsins:

- |                 |                      |
|-----------------|----------------------|
| 1. þingforseti: | Sigurður Geirdal     |
| 2. "            | Jón M. Guðmundsson   |
| Ritari:         | Guðmundur Þórðarson  |
|                 | Björgvin Guðmundsson |

- V. Tók þá Sigurður Geirdal við fundarstjórn og tók fyrir næsta lið á dagskrá, kosningu kjörnefndar. Kom ein til- laga fram um eftirtalda menn og var hún samþykkt samhljóða:

Jón M. Guðmundsson

Ingvi Guðmundsson

Haraldur Jónsson

Garðar Guðmundsson

Pálmi Gíslason

Páll Ólafsson

- VI. Skýrsla stjórnarinnar: Sambandsformaður Gestur Guðmunds- son flutti skýrslu stjórnarinnar. Ræddi hann starf hennar vítt og breitt. Haldnir voru 12 bókaðir fundir á árinu og voru tekin fyrir á þeim mörg mál. Á nokkrum fundum mættu auk stjórnar, formenn félaganna og forystu- menn íþróttanna.

Á árinu var tekið húsnæði á leigu hjá U.M.F.Í. í Lindar- bæ v/Lindargötu 9, bætir það að sjálfsögðu starfsskilyrði sambandsins.

Skv. heimild frá síðasta héraðsþingi réði sambandsstjórn- in framkvæmdastjóra. Réðst í það starf Sigurður Skarp- héðinsson, þaukunnugur sambandinu og ötull félagsmála- maður.

Sambandið átti fulltrúa á þessum ársþingum: Ársþingi handknattleikssambandsins, glímusambandsins, frjálsíþrótt- sambandsins og knattspyrnusambandsins. Þá sendi sam- bandið fulltrúa á sambandsþing U.M.F.Í., sem haldið var á Þingvöllum. Formaður sótti formannaráðstefnu Í.S.Í., sem fram fór í nóvembermánuði.

Sambandið tók þátt í landsmóti í skák, sem Ungmennafélag Íslands stóð fyrir sl. vor. Vegna forfalla aðalmanna á síðustu stundu varð árangur lakari en gera mátti ráð fyrir.

Sambandið stóð fyrir Bridge-keppni og tóku 3 sambands- félög þátt í henni: Breiðablik, Afturelding, Drengur. Voru 4 sveitir frá hverju félagi.

Nýr sambandsaðili bættist við á árinu, Íþróttafélagið Gróttta á Seltjarnarnesi.

Sambandsstjórn skrifaði Frjálsíþróttasambandi Íslands og óskaði eftir að nokkrir íþróttamenn, sem hún tilnefndi, væri veitt héraðsdómararéttindi í frjálsum íþróttum. Viðurkenningu stjórnar fyrir störf að félagsmálum hlaut að þessu sinni Úlfar Ármannsson og fyrir íþróttaaufrek Krístín Jónsdóttir.

Framkvæmdastjóri sambandsins ræddi síðan íþróttastarfishemina á liðnu starfsári.

Sambandið stóð fyrir víðavangshlaupi milli barna- og gagnfræðaskóla á sambandssvæðinu. Mótið fór fram í Kópavogi 29. apríl, mótsstjóri Hörður Ingólfsson.

60 þátttakendur voru í hlaupinu. Áður fóru fram undankeppnir í skólunum og hafa á milli 500-600 skóladrengir tekið þátt í þessu hlaupi.

Í fyrsta sinn í sögu sambandsins fór fram héraðsmót í sundi. Það fór fram í Varmárlaug í Mosfellssveit.

Þátttakendur voru 47 frá tveim félögum, Breiðabliki og Aftureldingu. Mótsstjóri Eyjólfur Magnússon.

Axel Jónsson fyrrv. formaður sambandsins gaf bikar til keppinnar, er það farandgripur.

Frjálsíþróttamót sambandsins fór fram 22. og 23. júlí á íþróttavelli Aftureldingar í Mosfellssveit. Keppendur voru 38 úr tveim félögum, Breiðabliki og Dræng.

Drængjameistaramót Íslands, innanhúss, fór fram í íþróttahúsinu í Kópavogi undir umsjón Breiðabliks.

Margir þátttakendur voru frá sambandinu á meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum. Sambandið hlaut tvö meistarastig á mótinu. Krístín Jónsdóttir úr Breiðablik sigraði í 100 og 200 m hlaupi. Þá tók sambandið þátt í bikarkeppni F.R.Í.

Auk þess tóku margir frjálsíþróttamenn frá Breiðablik þátt í flestum frjálsíþróttamótum sem haldin voru í Reykjavík. Kópavogsbær bauð þremur frjálsíþróttamönnum úr Breiðablik á fjölmennt vinabæjamót í Svíþjóð.

Víðavangshlaup Breiðabliks fór fram að venju. Gerð var tilraun að koma á kvennakeppni í frjálsum íþróttum við Skarphéðinn og Ungmennasamband Borgarfjarðar, sem ekki tókst að þessu sinni.

Bandalagakeppnin milli U.M.S.K., U.M.S.E. og Í.B.A. fór fram á Laugalandsvelli í Eyjafirði 9. september.

U.M.S.E. bar sigur úr þítum, hlaut 83 stig. Fararstjóri íþróttamanna U.M.S.K. var Pálmi Gíslason.

Glímuefingar fóru fram hjá glímudeild Breiðabliks og hjá Stjörnunni í Garðahreppi. Sambandið sendi tvö keppendur á fjórðungsglímu Sunnlendinga. Ármann Lárusson sigraði þar í annað sinn. Þá átti sama félag tvo keppendur á Íslandsglímunni.

Handknattleiksstúlkur (Breiðabliksliðið) tóku þátt í undankeppni landsmótsins og vann sér rétt til þátttöku á næsta landsmóti U.M.F.Í. Handknattleiksstúlkur Breiðabliks unnu sig upp í I. deild á síðasta Íslandsmóti. Í undankeppni landsmótsins í knattspyrnu keppti Breiðabliksliðið undir merki U.M.S.K. Vann liðið sinn riðil í undankeppninni en tapaði fyrir H.S.Þ. í undanúrslitum í Reykjaskóla í Hrótafirði, og voru þar með úr leik að þessu sinni.

Knattspyrnudeild Breiðabliks fór í keppnis- og skemmtiferð til Noregs og Danmerkur með viðkomu í London í bakaleið sl. sumar. Er þetta í fyrsta sinn sem knattspyrnuflokkar skipaðir þátttakendum innan raða U.M.S.K. fara utan til keppni. Férðin tókst mjög vel.

Knattspyrnudeild U.B.K. sá um allan undirbúning ferðarinnar.

Breiðablik tók þátt í Íslandsmótinu í knattspyrnu með alla flokka sína sl. ár. Héraðsmót í 4. og 5. aldursfl. fór fram í fyrsta sinn í sumar. Breiðablik sigraði í báðum flokkum, en auk þess tóku Íþróttafélagið Grótta og Stjarnan þátt í þessu móti.

Byrjað var á æfingum í körfubolta, sem félagar úr Breiðabliki stofnuðu til. Og líkur eru fyrir því, að sambandið geti tekið þátt í undankeppninni fyrir landsmótið að Eiðum.

VII. Þá las gjaldkeri sambandsins, Sigurður Skarphéðinsson, reikninga þess.

Tekjur á starfsárinu voru	Kr. 119.960,91
Gjöld .....	" 131.972,10
Tekjuhalli .....	" 12.011,19
Skuldlaus eign .....	" 7.852,21

Þá tók til máls Sigurður Geirdal og ræddi m.a. um störf æskulýðsráða. Jón M. Guðmundsson ræddi m.a. um skólamótið og framhald á þeim, ennfremur um ráðningu framkv.stj. og taldi að með þeirri ráðstöfun hefði mjög rofað til í félagsmálum sambandsins. Ræddi svo að lokum um íþróttasvæðið í Mosfellssveit, sem hefði verið áhugamál hans um árabíl.

VIII. Íþróttamál: Framsögu hafði Pálmi Gíslason og ræddi undirbúning sambandsins fyrir landsmótið að Eiðum og minnti á umræður um sama efni á síðasta sambandsþingi og taldi að ekki hefði verið nógu vel unnið og breyta þyrfti undirbúningi fyrir landsmótið á þann hátt, að sambandsfélögin skiptu með sér verkum og legðu aðal áherzlu á eina ákveðna grein, því ljóst væri, að ekki yrði komizt langt nema með þátttöku í öllum landsmótsgreinum og nefndi sérstaklega sund og starfsíþróttir, en þeim greinum hefði verið minnst sinnt. Að lokum hvatti hann alla að leggja fram alla starfskrafta sína til starfa fyrir sigri í stigakeppni næsta landsmóts. Mættur var á þinginu framkvæmdarstjóri Í.S.Í., Hermann Guðmundsson. Þingforseti Sigurður Geirdal bauð hann velkominn og gaf honum síðan orðið.

Hermann Guðmundsson tók til máls, flutti þinginu kveðjur framkvæmdastjórnar Í.S.Í. og forseta þess Gísla Halldórssonar. Ræddi framkvæmdastjórinn því næst um störf íþróttafélaganna og þau vandamál, sem við væri að stríða, sérstaklega taldi hann félagslegu hliðina vanrækta, og lægu til þess ýmsar ástæður. Ennfremur ræddi hann um íþróttamiðstöðvarnar, sem Í.S.Í. væri að koma á fót og hagnýtt gildi þeirra. Að lokum minntist hann á íþróttablaðið og óskaði sambandinu velfarnaðar í starfi.



- IX. Álit kjörnefndar um skipan fjögurra nefnda til starfa á þinginu og röðun þingfulltrúa í þær samþykkt:

Allsherjarnefnd:

Gestur Guðmundsson  
Ingvi Guðmundsson  
Birgir Sigurðsson  
Kristinn Magnússon  
Haraldur Jónsson  
Garðar Ólafsson  
Þórir Hermannsson

Fjárhagsnefnd:

Sigurður Skarphéðinsson  
Páll Ólafsson  
Björgvin Guðmundsson  
Haraldur Hjartarson  
Jón Tryggvason  
Ævar Hjaltason  
Stefán Ágústsson

Félagsmálanefnd:

Birgir Guðmundsson  
Jón M. Guðmundsson  
Hreiðar Grímsson  
Gunnar Magnússon  
Guðmundur Gíslason  
Inga Hafsteinsdóttir

Ípróttanefnd:

Sigurður Geirdal  
Pálmi Gíslason  
Alda Helgadóttir  
Flemming Jessen  
Ólafur Þór Ólafsson  
Garðar Guðmundsson  
Magnús Jakobsson  
Guðmundur Þórðarson

X. Tillögur til nefnda:

Tillaga frá stjórninni um íþróttakeppni við önnur héraðs-sambönd, vísað til íþróttanefndar.

Tillaga frá stjórninni um uppbyggingu félagsstarfsins og aukningu, vísað til félagsmálanefndar.

Tillaga frá stjórninni um ráðningu framkvæmdastjóra, vísað til fjárhagsnefndar.

Tillaga frá Björgvin Guðmundssyni um knattspyrnudómara-námskeið, vísað til íþróttanefndar.

XI. Fréttir frá sambandsfélögum:

Þar töluðu og röktu starfsemi félaganna í stórum dráttum:

Frá U.M.F. Dreng	Guðmundur Gíslason
" " Stjarnan	Birgir Guðmundsson
" " Breiðablik	Gestur Guðmundsson
" " Afturelding	Birgir Sigurðsson
" " Kjalarnesinga	Jón L. Tryggvason
" " Gróttta	Jón M. Guðmundsson

Var síðan gert fundarhlé meðan nefndir störfuðu.

XII. Er nefndir höfðu lokið störfum var fundur settur að nýju og tekið fyrir álit nefnda.

Haraldur Jónsson flutti tillögur allsherjarnefndar.

1. Um kveðjur til Axels Jónssonar, þingskjal 1
2. Um sundþjálfara, þingskjal 2
3. Um viðurkenningu á félagsstörfum, þingskjal 3
4. Um fyrirlestra um félagsmál, þingskjal 4
5. Um þakkir fyrir styrkveitingar, þingskjal 5
6. Um þakkir fyrir gefna verðlaunagripi, þingskjal 6

Allar tillögurnar voru samþykktar.

Birgir Guðmundsson flutti tillögur félagsmálanefndar.

1. Um bridge- og skákmót, þingskjal 7
2. Um veitingu viðurkenninga, þingskjal 8
3. Um starfsíþróttir, þingskjal 9
4. Um fréttaritara, þingskjal 10
5. Um uppbyggingu félagsstarfsins, þingskjal 11

Tillögu um fréttaritara var vísað til stjórnarinnar en aðrar samþykktar.

Pálmi Gíslason flutti tillögur íþróttanefndar:

1. Um knattspyrnumót, þingskjal 12
2. Um knattspyrnudómara, þingskjal 13
3. Um fræðslunámskeið, þingskjal 14
4. Um skákkeppni unglinga, þingskjal 15
5. Um handknattleikspjálfara, þingskjal 16
6. Um glímunámskeið, þingskjal 17
7. Um íþróttakeppni við önnur héraðssambönd, þingskjal 18

Tillögurnar allar samþykktar.

Sigurður Skarphéðinsson flutti tillögur fjárhagsnefndar:

1. Um ráðningu framkvæmdastjóra, þingskjal 19
2. Um skatt félaganna, þingskjal 20
3. Fjárhagsáætlun, þingskjal 21

Um fjárhagsáætlunina urðu nokkrar umræður og tóku til máls Páll Ólafsson, Sigurður Skarphéðinsson, Björgvin Guðmundsson, Pálmi Gíslason og Birgir Guðmundsson.

Þeir Páll Ólafsson og Jón Leví báru fram tillögu um aukaskatt vegna kostnaðar við landsmótið að Eiðum, þingskjal 22. Tillagan samþykkt.

XIII. Stjórnarkosning og kosning fulltrúa á þing sérsambandanna.  
Jón M. Guðmundsson bar fram tillögur kjörnefndar um stjórn:

Formaður: Gestur Guðmundsson  
Meðstjórnendur: Birgir Guðmundsson  
Þórir Hermannsson  
Sigurður Skarphéðinsson  
Jón Tryggvason  
Stefán Ágústsson  
Hallgrímur Sigurðsson  
Varastjórn: Úlfar Ármannsson  
Einar Ellertsson  
Pálmi Gíslason  
Ingvi Guðmundsson  
Birgir Sigurðsson  
Gísli Snorrason  
Garðar Ólafsson

Tillaga kjörnefndar samþykkt.

Endurskoðendur: Ólafur Ágúst Ólafsson  
Lárus Halldórsson  
Varaendurskoð.: Guðjón Hjartarson  
Jón Ólafsson  
Íþróttadómstóll: Ármann Pétursson

Fulltrúar á þing U.M.F.Í.:

Gestur Guðmundsson  
Sigurður Skarphéðinsson  
Ármann Pétursson  
Jón M. Guðmundsson  
Varamenn: Pálmi Gíslason  
Jón Ólafsson  
Steinar Ólafsson  
Birgir Guðmundsson

Fulltrúar á þing G.L.Í.:

Sigurður Geirdal  
Ingvi Guðmundsson  
Ívar Jónsson  
Ármann J. Lárusson  
Varamenn: Haraldur Jónsson  
Hjalti Þórðarson  
Pálmi Gíslason  
Lárus Lárusson

Fulltrúar á þing Í.S.Í.:

Gestur Guðmundsson  
Jón M. Guðmundsson  
Varamenn: Sigurður Geirdal  
Sigurður Skarphéðinsson

Fulltrúar á þing F.R.Í.:

Magnús Jakobsson  
Ingvi Guðmundsson  
Þórður Guðmundsson  
Sigurður Geirdal  
Ragna Lindberg  
Varamenn: Pálmi Gíslason  
Birgir Guðmundsson  
Flemming Jessen  
Ólafur Þór Ólafsson  
Hörður Ingólfsson

Fulltrúar á þing K.S.Í.:

Guðmundur Þórðarson

Daði Jónsson

Tómas Sturlaugsson

Garðar Guðmundsson

Björgvin Guðmundsson

Varamenn:

Anton Bjarnason

Guðmundur Óskarsson

Valdimar Valdimarsson

Garðar Ólafsson

Ævar Hjaltason

Fulltrúar á þing H.S.Í.:

Ásbjörn Sigurjónsson

Jóhannes Jónsson

Hilmar Björnsson

Varamenn:

Arndís Björnsdóttir

Alda Helgadóttir

Edda Halldórsdóttir

Allar þessar tillögur kjörnefndar voru samþykktar samhljóða.

XIV. Önnur mál.

Jón M. Guðmundsson ræddi um lög sambandsins og endurskoðun á þeim með tilliti til breyttra aðstæðna.

Gestur Guðmundsson þakkaði traust það er honum væri sýnt, og bauð samstarfsmenn sína velkomna til starfa og ræddi félagsmálin á víð og dreif.

Páll Ólafsson ræddi um erfiðleika þá sem væru á félagsstörfum í dag.

Pálmi Gíslason gerði fyrirspurnir um íþróttabúninga og svaraði nýkjörinn formaður þeim.

Jón M. Guðmundsson þakkaði starfsmönnum þingsins þeirra störf og gestgjöfunum góðar veitingar.

XV. Dingslit.

Þingforseti mæltist til þess, að sambandsstjórn yrði falið frágangur þinggerðar. Var það samþykkt.

Því næst þakkaði hann þingfulltrúum vel unnin störf á þinginu, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði síðan 45. ársþingi U.M.S.K. slitið.

Guðmundur Þórðarson  
(sign.)

Björgvin Guðmundsson  
(sign.)

Þ I N G S K J Ö L

1. X Skeyti til Axels Jónssonar, alþm., Landsspítalanum, Rvk; Sambandsþing U.M.S.K. sendir þér innilegar kveðjur og ósk um góðan bata.
2. + 45. þing U.M.S.K. beinir því til sambandsstjórnar, að hún hlutist til um að ráða þjálfara í sundi sem fyrst. Nauðsynlegt er að stjórnin hafi samráð við sambandsfélögin varðandi fyrirkomulag keppninnar.
3. X 45. þing U.M.S.K. leggur til, að sambandið veiti viðurkenningu fyrir bezta íþróttafrek og félagsstörf með sama fyrirkomulagi og áður.  
*því  
næsta  
þing.*
4. 45. þing U.M.S.K. felur sambandsstjórn að koma á fyrirlesturum um félagsmál, fundarsköp o.fl. Unnið verði að því að þátttaka verði frá öllum sambandsfélögunum.
5. 45. þing U.M.S.K. sendir eftirtöldum aðilum sínar beztu þakkir fyrir veittan fjárstyrk á árinu 1967: Sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu og Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar.
6. 45. þing U.M.S.K. þakkar eftirfarandi aðilum fyrir verðlaunagripum þá, sem þeir hafa gefið sambandinu:  
Axel Jónssyni, alþm., Álfhólsvegi 43, Kópavogi og Blikksmiðjunni Vogur, Kópavogi.
7. X 45. þing U.M.S.K. skorar á væntanlega stjórn að halda áfram með bridgemót og koma einnig á skákmóti milli félaganna á sambandssvæðinu.  
*á h.  
skákmót.*
8. 45. þing U.M.S.K. leggur til, að stjórn sambandsins skipi þriggja manna nefnd skömmu fyrir þing, sem útnefnir þá, er sambandið veitir viðurkenningu á næsta starfsári.  
*því  
þing.*
9. 45. þing U.M.S.K. samþykkir, að stjórn sambandsins veiti því félagi innan sambandsins sem flest stig hlýtur í starfsíþróttum á komandi landsmóti.



10. 45. þing U.M.S.K. vill vekja athygli sambandsstjórnar á því, hvort ástæða sé til að kjósa sérstakan fréttaritara fyrir sambandið, sem sjái um að láta blöðum og útvarpi í té fréttir af íþróttamótum, sem sambandið stendur fyrir eða tekur þátt í ásamt annarri starfsemi þess, eftir því sem ástæða þykir, að dómi sambandsstjórnar.
11. 45. þing U.M.S.K. ályktar eftirfarandi: Við athugun á starfsemi sambandsfélaganna á síðasta ári, kemur í ljós, að á vegum einstakra félaga hefur sáralítill starfsemi verið. Þinginu er ljóst, hve mikil hætta er hér á ferðum og hvetur þessi félög til að hefja starf nú þegar og bendir á eftirfarandi í því sambandi.
1. Stjórnir félaganna haldi stjórnarfundum reglulega, t.d. einn fund í mánuði og ákveði fasta fundardaga.
  2. Haldnir séu félagsfundir eftir því sem tók eru á, tekin séu fyrir íþróttamál og önnur félagsmál, sem stjórn viðkomandi félags ákveður.
  3. Félagsmönnum sé falin viss verkefni, sem félagsstjórn fylgist með og gefur ráðleggingar um, eftir því sem ástæða þykir.
  4. Hvert félag veiti viðurkenningar árlega, t.d. þeim íþróttamanni, sem bezt hefur staðið sig á árinu að dómi stjórnarinnar eða þar til kosinnar nefndar og í öðru lagi þeim félagsmanni, sem skarað hefur framúr í félagsmálastarfi. Þetta ætti að örva félagsmenn til meiri starfa í íþrótt- og félagsmálum.
- Með tilliti til þess, sem hér er bent á, skorar þingið á forystumenn félaganna að vinna að með festu og atorku.
12. 45. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að efla og styrkja knattspyrnumót, sem nú eru í gangi meðal yngri flokkanna í knattspyrnu.
13. 45. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að koma á dómaramámskeiði í knattspyrnu á sambandssvæðinu í samráði við félögin.

14. X 45. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að koma á skipulagðri fræðslu- og námskeiðum í þeim greinum starfsípróttu, sem keppt verður í á næsta landsmóti. Í framhaldi af því verði haldið héraðsmót í starfsípróttum í júní næsta ár.
15. X 45. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að koma á árlegri sveitakeppni í skák 14 ára og yngri milli allra sambandsfélaganna.
16. X 45. þing U.M.S.K. samþykkir, að stjórn sambandsins athugi sem fyrst möguleika á því að ráða handknattleiksþjálfara, sem þjálfað gæti kvennalið U.M.S.K. utanhúss næsta sumar.
17. X 45. þing U.M.S.K. felur stjórninni að koma á glímunám-  
skeiðum á sambandssvæðinu, sjálfstætt eða í samráði við skólana.
18. 45. þing U.M.S.K. felur stjórninni að halda áfram ípróttakeppni við önnur héraðssambönd.
19. 45. þing U.M.S.K. telur nauðsynlegt, að ráðinn sé framkvæmdastjóri fyrir sambandið á næsta ári. Þingið felur sambandsstjórn að ganga frá ráðningu hans, ákveði starfstíma og laun, leggi honum starfsreglur og ákveði tilhögun starfsins.
20. 45. þing U.M.S.K. ákveður, að skattur félaganna til U.M.S.K. skuli vera óbreyttur eða kr. fimmtán af hverjum skattskyldum félaga.

21. Fjárhagsáætlun.

Tekjur:

1. Skattar og iðgjöld .....	Kr. 15.000,00
2. Styrkir .....	" 235.000,00
3. Framlag landsmótsk. ....	" 40.000,00
4. Fjáröflunartekjur .....	" <u>23.500,00</u>

Samtals Kr. 313.500,00

Gjöld:

1. Skattar og iðgjöld .....	Kr.	11.500,00
2. Stjórnarkostnaður .....	"	138.000,00
3. Kostnaður v/landsmóts .....	"	110.000,00
4. Annar íþróttakostnaður .....	"	27.000,00
5. Ýmis kostnaður .....	"	<u>27.000,00</u>
	<u>Samtals</u>	<u>Kr. 313.500,00</u>

22. 45. þing U.M.S.K. samþykkir að innheimta sérstakt aukagjald frá félögum sambandsins vegna kostnaðar við landsmótið 1968, allt að kr. 30,- á hvern skattskyldan félagsmann félaganna.

H É R A Ð S M E T

UNGMENNASAMBANDS KJALARNESÐINGS

Í FRJÁLSUM ÍPRÓTTUM 1967

Karlagreinar		Methafi	Fél.	Ár
100 m hlaup	11.1 sek.	Tómas Lárusson	A	1952
		Hörður Ingólfsson	B	1965
200 m "	23,4 "	Tómas Lárusson	A	1952
400 m "	51,0 "	Tómas Lárusson	A	1952
800 m "	2.00.4 mín.	Þórður Guðmundsson	B	1965
1500 m "	4.09.6 "	- sami -	B	1965
3000 m "	9.11.0 "	- sami -	B	1965
5000 m "	15.59.6 "	- sami -	B	1966
10000 m "	31.19.2 "	Guðjón Júlíusson	A	1922
110 m grindahl.	16.3 sek.	Tómas Lárusson	A	1952
4x100 m boðhl.	45.8 "	Sveit U.B.K.		1965
4x400 m "	3.43.0 "	Sveit U.B.K.		1965
1000 m "	2.06.6 "	Sveit U.M.S.K. (U.B.K.)		1965
Hástökk	1.75 m	Halldór Lárusson	A	1948
		Dónald Jóhannesson	B	1966
Langstökk	6.89 m	Tómas Lárusson	A	1952
Þrístökk	13.36 "	Halldór Lárusson	A	1947
Stangarstökk	3.50 "	Magnús Jakobsson	B	1965
Kúluvarp	14.06 "	Lárus Lárusson	B	1966
Kringlukast	50.47 "	Þorsteinn Alfreðsson	B	1965
Spjót kast	50.18 "	Hilmar Björnsson	B	1967
Sleggjukast	35.54 "	Ármann J. Lárusson	B	1965
Tugþraut	5516 stig	Tómas Lárusson	A	1952
Fimmtarþraut	2615 "	- sami -	A	1952

Kvennagreinar:

80 m hlaup	13.5 sek.	Sigrún Ólafsdóttir	B	1965
100 m "	12.8 "	- sama -	B	1965
200 m "	27.1 "	Kristín Jónsdóttir	B	1967
4x100 m boðhlaup	55.1 "	Sveit U.B.K.		1967
80 m grindahl.	10.9 "	Esther Bergmann		1961
Hástökk	1.37 m	Ína Þorsteinsdóttir	B	1967
Langstökk	4.74 "	Kristín Jónsdóttir	B	1967
Kúluvarp	10.15 "	Ragna Lindberg	D	1954
Kringlukast	34.72 "	Dröfn Guðmundsdóttir	B	1964
Spjót kast	34.46 "	Arndís Björnsdóttir	B	1967
Fimmtarþraut	2879 stig	Sigrún Ólafsdóttir	B	1965

REKSTRARREIKNINGUR

G J Ö L D :

I. Skattar og iðgjöld:

1. Greitt í slysatr.sjóð í.S.í.	5.430,00	
2. Skattur til U.M.F.í. ....	2.505,00	
3. Skattur til í.S.í. ....	<u>2.715,00</u>	Kr. 10.650,00

II. Stjórnarkostnaður:

1. Stjórnarfundir .....	1.356,00	
2. Fjölritun .....	4.933,35	
3. Sími .....	2.809,00	
4. Ritföng (pappír, umsl. o.fl.)	844,75	
5. Skrifstofukostnaður .....	2.224,50	
6. Laun framkvæmdastjóra ....	<u>55.000,00</u>	" 67.167,60

III. Íþróttakostnaður:

1. Verðlaun .....	9.813,00	
2. Auglýsing .....	1.240,00	
3. Undankeppni f/landsmót	19.062,00	
÷ framlag kepp.	<u>4.750,00</u>	14.312,00
4. Fjögurrab.keppni í Eyjafirði	13.500,00	
÷ framlag kepp.	<u>4.500,00</u>	9.000,00
5. Áhöld (keypt úr og kringla)	1.900,00	
6. Dómarakostn. v/knattspyrnum.	1.000,00	
7. Þjálfarakostnaður .....	<u>1.900,00</u>	" 39.165,00

IV. Annar kostnaður:

1. Bílstyrkur til Úlfars Ármannss. f. árið '66 .....	2.000,00	
2. Styrkir til Umf. Breiðabl..	8.000,00	
3. Viðgerð á skeiðúrum .....	1.400,00	
4. VÍxilkostnaður .....	1.290,00	
5. Ýmislegt .....	<u>2.299,50</u>	" 14.989,50

Kr. 131.972,10

K J A L A R N E S Þ I N G S

1 9 6 7

T E K J U R :

I. Skattar og iðgjöld:

1. Skattur frá Umf. Dreng ...	1.260,00	
2. " " " Kjalnesinga	450,00	
3. " " " Aftureldingu	1.515,00	
4. " " " Breiðabliki	2.475,00	
5. " " " Bessast.hr.	435,00	
6. " " " Stjórnunni	930,00	
7. Iðgj.fél. í slýsatr.sj. í S.Í.	<u>5.430,00</u>	Kr. 12.495,00

II. Styrkir:

1. Frá sýslusj. Kjósarsýslu ...	32.000,00	
2. " " Gullbringus. .	20.000,00	
3. " bæjarsjóði Kópavogs ...	10.000,00	
4. " Búnaðars. Kjalarnesþ. .	1.000,00	
5. Útbreiðslustyrkur í S.Í. .	<u>11.964,00</u>	" 74.964,00

III. Vextir:

1. Af innistæðu í spb.nr.6561	107,52	
2. " " " " " 17352	<u>136,00</u>	" 243,52

IV. Aðrar tekjur:

1. Seld 120 spj.sk.eyðubl.á o/65	78,00	
2. Sölulaun af landshappdr.ÍSÍ	1.375,00	
3. Seldur ípróttabúningur .....	<u>630,00</u>	" 2.083,00
Peningar frá fyrra ári .....		<u>" 30.175,39</u>
		Kr.119.960,91
Mismunur .....		<u>" 12.011,19</u>

Kr.131.972,10

U N G M E N N A S A M B A N D

EFNAHAGSREIKNINGUR

E I G N I R :

1. Ípróttaáhöld .....	3.141,00		
keypt ný á árinu ...	<u>1.900,00</u>	5.041,00	
10% afskrift .....		<u>504,10</u>	Kr. 4.536,90
2. Borðfánar .....		1.190,55	
10% afskrift .....		<u>119,00</u>	" 1.071,55
3. Félagsfáni .....		1.945,35	
10% afskrift .....		<u>194,50</u>	" 1.750,85
4. Afmælisrit .....		22.325,65	
afskrifað .....		<u>22.325,65</u>	" 0,00
5. Spjaldskráreyðublöð .....		342,10	
seld 120 stk. á kr. 0/65 .....		<u>78,00</u>	" 264,10
6. Ípróttabúningar 12 stk. 1 blússa	10.870,00		
seldur 1 á kr. 630/- .....		<u>630,00</u>	" 10.240,00
7. Peningar:			
a. Í sparisj.b. nr.6561 sögusj.	1.643,94		
b. " " " 17352 landsm.sj.	136,00		
c. " ávísanareikning nr. 3511	233,50		
d. " sjóði hjá gjaldkera .....	<u>5.975,37</u>		" 7.988,81
8. Útistandandi skuld hjá Bún.s. Kjalarnesþings			" 2.000,00
Útistandandi skuld hjá verzl.			
Esja (Kr. Gíslas.) .....	600,00		
afskrifuð .....	<u>600,00</u>		<u>0,00</u>
			<u>Kr. 27.852,21</u>

K J A L A R N E S Þ I N G S

1 9 6 7

---

S K U L D I R :

1. Við sparisjóð Kópavogs, víxill pr. 4. des. '67 Kr. 20.000,00

Skuldlaus eign ..... " 7.852,21

---

Kr. 27.852,21

Hef yfirfarið reikninga U.M.S.K. fyrir árið 1967 og borið saman fylgiskjöl og tel þá rétta.

Valdastöðum 6/12 1967  
Ólafur Ág. Ólafsson  
(sign.)

Sömuleiðis 8. des. 1967  
Lárus Halldórsson  
(sign.)



Dagskrá stjórnarfundar 20.10.'71.

1. Húsnæðis þ.eþ herbergis hjá UMFÍ
2. Íþróttamaður ársins.
3. UMFÍ þing kosning fulltr. á máli f. þingis.
4. Kosning fulltr. á þing: GLÍ 24.þ.m.  
BSÍ 28.""  
FSÍ 6.11.
5. UMSK þingis 14.11.: skýrslan, máli f. þingis o.fl.
6. Önnur máli.

Frá K. S. Í.

Tækninefnd K. S. Í. hefur ákveðið að gangast fyrir námskeiði fyrir þjálfara 7. - 14. júlí n. k. í Reykjavík.

Kennt verður 1. og 2. stig. Próf verða tekin í lok námskeiðsins.

Kennari verður Karl Guðmundsson og mun kennslan standa allan daginn.

Þáttókurlýkningar sendist skrifstofu K. S. Í. Íþróttamiðstöðinni Laugardal, sími 8-44-44.

Tækninefnd K. S. Í.

Dagskrá stjórnarfundar 20.10.'71.

1. Húsnæðis þ.eþ herbergis hjá UMFÍ
2. Íþróttamaður ársins.
3. UMFÍ þing kosning fulltr. ámál f. þingis.
4. Kosning fulltr. á þing: GLÍ 24.p.m.  
BSÍ 28.""  
FSÍ 6.11.
5. UMSSK þingis 14.11.: skýrslan, mál f. þingis o.fl.
6. Önnur mál.

Dagskrá stjórnarfundar 20.10.'71.

1. Húsnæðis þ.þ herbergis hjá UMFÍ
2. Þróttamaður ársins.
3. UMFÍ þing kosning fulltr. ávái f. þingis.
4. Kosning fulltr. á þing: GLÍ 24.p.m.  
BSÍ 28.""  
PSÍ 6.11.
5. UMSK þingis 14.11.: skýrslan, máli f. þingis o.fl.
6. Önnur máli.